

RÓMEÓ OG JÚLÍA

James Gaffigan, hljómsveitarstjóri
Helga Þóra Björgvinsdóttir, einleikari



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

.....
Tónleikar í Háskólabíói fimmtudaginn 25. nóvember 2010 kl. 19.30
.....

James Gaffigan, hljómsveitarstjóri
Helga Þóra Björgvinsdóttir, einleikari

.....
RÓMEÓ OG JÚLÍA
.....

Jean Sibelius

Elskhuginn (Rakastava, 1894/1911)

Elskhuginn (Andante con moto)

Stígur elskendanna (Allegretto)

Góða nótt – vertu sæl (Andantino)

Felix Mendelssohn-Bartholdy

Fiðlukonsert í e-moll op. 64 (1838–44)

Allegro molto appassionato –

Andante –

Allegretto ma non troppo –

Allegro molto vivace

Hlé

Sergei Prokofiev

Rómeó og Júlía,

úr ballettsvítum 1–3 (1935)

Montag og Kapúlett

Júlía yngismær

Grímuball

Rómeó og Júlía

Dauði Tíbalts

Rómeó og Júlía á kveðjustundu

Rómeó við gróf Júlíu –

Dauði Júlíu



RÁS 1

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1
og síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsínum
á meðan tónleikum stendur.



James Gaffigan hefur á örfáum árum skipað sér í hóp fremstu stjórnenda heims af yngri kynslóðinni. Nýverið var tilkynnt að hann myndi taka við aðalstjórnandastöðu Sinfóníuhljómsveitarinnar í Luzern sumarið 2011 og yrði auk þess aðalgesta-stjórnandi við Fílharmoníuhljómsveit hollenska útvarpsins.

Gaffigan fæddist í New York árið 1979 og stundaði tónlistarnám við undirbúningsdeild Juilliard-tónlistarháskólans, við New England Conservatory of Music í Boston og Rice University í Houston, þaðan sem hann lauk meistaraþrófi í hljómsveitarstjórn árið 2003. Hann var einn átta nemenda sem var valinn til að taka þátt í stjórnendaakademíu í Aspen undir leiðsögn Davids Zinman, og debúteraði með Cleveland-hljómsveitinni árið 2000. Ári síðar var hann valinn til þátttöku á Tanglewood-sumarnámskeiðinu og hefur síðan numið undir handleiðslu heimsþekktra stjórnenda á borð við Esa-Pekka Salonen, Michael Tilson Thomas, Kurt Masur og André Previn.

Gaffigan var annar tveggja gullverðlaunahafa í Sir Georg Solti-hljómsveitarstjóra-keppninni í Frankfurt 2004, og hefur í kjölfarið stýrt fjölda evrópskra hljómsveita, meðal annars Tonhalle-hljómsveitinni í Zürich, Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín, Birmingham-sinfóníuhljómsveitinni og Konunglegu fílharmoníuhljómsveitinni í Liverpool. Gaffigan var aðstoðarstjórnandi Cleveland-hljómsveitarinnar frá 2003-2006, en þá tók hann við sömu stöðu við San Francisco-sinfóníuhljómsveitina. Hann hefur stjórnaði fjölmörgum áskriftartónleikum hljómsveitarinnar í Davies-tónleikasalnum, á tónleikaferðum og í hljóðritunum. Hann hefur einnig stjórnað sinfóníuhljómsveitunum í Boston, Filadelfíu, Minnesota og New York.



Helga Þóra Björgvinsdóttir fæddist árið 1984. Hún stundaði nám við Tónmenntaskóla Reykjavíkur hjá Gígju Jóhannsdóttur og síðar við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Guðnýju Guðmundsdóttur og Auði Hafsteinsdóttur. Vorið 2004 útskrifaðist hún með bakkalágráðu frá Listaháskóla Íslands þar sem aðalkennari hennar var Guðný Guðmundsdóttir.

Haustið 2004 hóf Helga Þóra nám við Lista-háskólann í Berlín (Universität der Künste Berlin) hjá Isabelle Faust og lærði kammertónlist hjá Artemis kvartettinum. Í júlí 2007 þreytti Helga Þóra Diplom-próf og hlaut hæstu einkunn.

Sem einleikari hefur Helga Þóra leikið fiðlukonsert Johannesar Brahms með Sinfóníuhljómsveit Íslands og tvær rapsódíur fyrir fiðlu og hljómsveit eftir Béla Bartók með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins. Í janúar 2009 lék hún fiðlukonsert nr. 2 eftir Bohuslav Martinu með Sinfóníuhljómsveit Íslands og var það í fyrsta sinn sem sá konsert var fluttur á Íslandi. Hún tók þátt í tónleikaröðinni Tónsnillingar morgundagsins í apríl 2008 og hélt þar debut tónleika sína með Kristni Erni Kristinssyni, píanóleikara.

Helga Þóra hefur verið meðlimur Kammersveitarinnar Ísafoldar frá upphafi og er meðlimur Elektra Ensemble sem var valinn Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2009. Hún hefur m.a. leikið í Sinfóníuhljómsveit Íslands, Orkester Norden, Orchestre Prométhée og Orchestre de la Cité Internationale Universitaire de Paris.

Helga Þóra hefur sótt námskeið til Ítalíu, Frakklands og Þýskalands og hefur numið fiðluleik hjá m.a. Donald Weilerstein, Boris Garlitsky, Laurent Korcia, Stephen Clapp og Almitu Vamos. Um þessar mundir er Helga Þóra búsett í París, þar sem hún hefur sótt tíma hjá Suzanne Gessner og Svetlin Roussev.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Rakastava-svítan hefur aldrei hljómað á tónleikum SÍ, en í desember 1945 lék strengjasveit Tónlistarskólans í Reykjavík verkið í hátíðarsal Háskólans á tónleikum í tilefni áttæðisafmælis Sibeliusar. Finlandia Sinfonietta flutti Rakastava í Langholtskirkju 1992, og Kammersveit Reykjavíkur í Íslensku óperunni árið 1995.

JEAN SIBELIUS

Rakastava



Eins og ótal tónskáld á síðari hluta 19. aldarinnar heillaðist Jean Sibelius (1865–1957) af menningararfi þjóðar sinnar, þjóðkvæðum og –lögum af ýmsum toga. Kvæðabáلكurinn *Kalevala* var honum hugstæður alla tíð og þangað sótti hann innblástur í ótal tónverk stór og smá: risavaxna óratóríuna *Kullervo*, smáþætti fyrir hljómsveit á borð við *Lemminkäinen*-svítuna o.s.frv. Einkenni þjóðararfsins eru órjúfanlegur hluti af tónmáli Sibeliusar, og þau setja einnig svip á þau verka hans sem ekki tengjast beint finnskum þjóðkvæðum eða –sögnum.

Þríþáttungurinn *Rakastava*, eða *Elskhuginn*, á sér fremur óvenjulega sögu. Árið 1894 samdi Sibelius kórverk fyrir tónsmíðakeppni sem Háskólakórinn í Helsinki stóð fyrir. Textana valdi hann sjálfur úr þjóðkvæðasafninu *Kanteletar*, sem hinn mikilvirki safnari Elias Lönnrot gaf út 1840 og er eins konar systurbáلكur *Kalevala*. Í erindunum sem Sibelius valdi í kórverk sitt leitar ungur maður að ástvinu sinni, fetar slóð hennar gegnum skóga og yfir fjöll, og að lokum sameinast elskendurnir í fögrum ástarsöng þar sem tenór og mezzósópran fara með einsöngsstrófur. Kórverkið varð flóknara en Sibelius hafði upphaflega gert ráð fyrir, og ekki féll það betur í kramið hjá dómnefndinni en svo að því voru veitt 2. verðlaun. Síðar útsetti Sibelius verkið fyrir karlakór, og árið 1911 vann hann tónefnið að nokkru leyti upp á nýtt í verki fyrir strengjasveit og slagverk sem ber sama nafn og kórverkið, og hljómar á tónleikunum í kvöld.

Strengjaverkið var fullgert í janúarbyrjun 1912 en erfiðlega gekk að finna því útgefanda; forleggjarinn Lienau í Berlín sagði verk fyrir strengjasveit löngu komin úr tísku. Nú til dags eru flestir á því að verkið sé einkar vel heppnað, ljóðrænt með tregafullum undirtóni sem hæfir yrkisefninu vel. Sibelius notar stefin úr kórverkinu en vinnur úr þeim á ýmsa lund, svo að eiginleikar strengjahljóðfæranna njóta sín til fulls. Fyrsti þátturinn er einkar ljóðrænn, með ofurveiku strengjaspili og nokkrum áhrifamiklum hápunktum; miðkaflinn hefur léttara yfirbragð og er eins konar *scherzo* með hraðri tríólu-hreyfingu. Í lokaðættinum taka einleiksfiðla og selló hlutverk elskhuganna úr kórsvítunni. Verkinu lýkur með áhrifamikilli kveðjustund þar sem fiðla og selló skiptast á tjáningarríku hendingum og falla loks í faðma í lokatöktunum.

Ruth Hermanns var fyrst til að leika fiðlukonsert Mendelssohns á tónleikum á Íslandi, í Þjóðleikhúsinu 1954 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Síðan hefur SÍ leikið konsertinn 16 sinnum og meðal þeirra sem hafa mundað fiðluna eru Isaac Stern (1955), Michael Rabin (1961), Itzhak Perlman (1978), Sif Tulinius (2002) og Tasmin Little (2005).

FELIX MENDELSSOHN-BARTHOLDY

Fiðlukonsert



Felix Mendelssohn-Bartholdy (1809–1847) var 35 ára gamall þegar hann lauk við fiðlukonsertinn sem hefur verið eitt ástsælasta verk hans æ síðan. Þá átti hann þó ekki nema þrjú ár eftir ólífuð. Tónsnillingar 19. aldar sem náðu efri árum voru ólíkt færri hinum sem létust langt fyrir aldur fram. Í tilfelli Mendelssohns var þó hvorki tæringu, ástarsorg né geðsýki um að kenna. Hann lést eftir röð hjartaáfalla aðeins hálfu ári á eftir sinni ástkæru systur Fanny, sem einnig var tónskáld.

Mendelssohn ólst upp á einu mesta menntaheimili Berlínar – Moses afi hans var einn virtasti heimspekingur álfunnar á 18. öld – og snemma kom í ljós að Felix var gæddur einstökum hæfileikum. „Eitt hæfileikaríkasta og fjölhæfasta undrabarn allra tíma,“ segir í virtu tónlistarriti, og varla ofmælt þegar horft er til þess að fyrir fimmtánda afmælisdag sinn hafði Mendelssohn samið fimm konserta, fjórar óperur við þýska texta (svonefnd *Singspiel*) og þrettán sinfóníur fyrir strengi. Sautján ára samdi hann forleikinn fræga við *Draum á Jónsmessunótt* og í Berlín stýrði hann tvítugur að aldri flutningi á *Mattheusarpassíu* Bachs sem æ síðan hefur verið talinn einn af merkisáföngum Bach-endurreisnarinnar á 19. öld.

Fiðlukonsertinn í e-moll var saminn fyrir Ferdinand David, sem var konsertmeistari Gewandhaus-hljómsveitarinnar í Leipzig og naut mikillar virðingar jafnt sem einleikari og kennari. Þrátt fyrir ótvíræða færni sína í tónsmíðum var Mendelssohn hikandi þegar kom að fiðlukonsertinum. Við heyrum fyrst af verkinu í bréfi til Davids dagsettu 30. júlí 1838: „Mig langar að semja fiðlukonsert handa þér næsta vetur... það er einn í e-moll sveimandi um í höfðinu, og upphafið lætur mig hreinlega ekki í friði.“ En David þurfti að bíða í sex ár enn, og eftir því sem verkið tók á sig mynd fjölgaði fyrirspurnum frá tónskáldinu um hvort hitt og þetta væri mögulegt á fiðluna. „Er jafnvægið við hljómsveitina betra? ... Er þetta rétt skrifað hjá mér? ... Ekki hlæja of mikið að mér, ég dauðskammast mín en get ekkert að þessu gert. Guði sé lof að hann er búinn með konsertinn, hlýturðu að hugsa með sjálfum þér.“ En biðin var þess virði, og flestir eru á einu máli um að tillögur Davids hafi verið mjög til bóta.

Mendelssohn kemur sér beint að efninu og einleiksfiðlan fer á flug með

upphafsstefið sem hann losnaði ekki við úr höfðinu sumarið 1838. Hljómsveitin tekur við og í meðförum hennar býr stefið ekki aðeins yfir ljóðrænum þokka, heldur er það völdugt og dramatískt, vísar að vissu leyti veginn til Brahms. Þótt verk Mendelssohns beri klassískt yfirbragð átti hann það einnig til að koma hlustendum sínum í opna skjöldu hvort sem það var með tónlistinni sjálfri eða nýstárlegri nálgun við formin sem hann vann með. Í fiðlukonsertinum er það kadensan – staðurinn þar sem hljómsveitin þagnar og einleikarinn baðar sig í athyglinni um stund – sem er á „vitlausum“ stað. Oftast kemur hún undir lok þáttarins, þegar öll aðalstefin hafa hljómað aftur og tímabært að ljúka kaflanum með glæstri flugeldasýningu. En hér kemur kadensan – öllum að óvörum – í miðjum þættinum og leiðir beint inn í ítrekunina, endurtekningu upphafsstefsins. Þannig fær fiðluleikarinn enn veigameira hlutverk, því að kadensunni er falið að leiða okkur aftur á heimaslóðir; hún er ekki eingöngu skalar og skraut, heldur mikilvægur hlekkur í heildarformi kaflans.

Ekki síður nýstárlegt er hvernig Mendelssohn tengir saman alla þættina þrjá svo þeir mynda eina heild. Þegar lokahljómur fyrsta kaflans rennur sitt skeið á enda er eitt hljóðfæri sem neitar að hætta – fagott, sem fær liðsauka frá flautu og strengjum og læðist smám saman yfir í nýju tóntegundina, C-dúr. Hægi kaflinn er eins konar ljóð án orða, dásamleg laglína sem virðist aldrei ætla að taka enda. Málmblásarar og pákur gefa upptaktinn að lokaðættinum, sem er glitrandi rondó, léttstígur álfadans í „Jónsmessunætur“-stílnum sem var aðalsmerki Mendelssohns alla tíð.

SERGEI PROKOFÍEV

Rómeó og Júlía

Þegar Sergei Prokofiev (1891–1953) sneri aftur til Sovétríkjanna um miðjan fjórða áratuginn eftir átján ára dvöl í París og Bandaríkjunum gáfu yfirvöld honum undir fótinn með að nýjum verkum hans yrði vel tekið og þau flutt um leið og þau væru fullgerð. Raunin varð þó allt önnur, eins og hann komst að fyrr en varði. Það var Kirov-leikhúsið sem falaðist eftir ballett frá Prokofiev 1934, en þegar nýir yfirmenn tóku við skiptu þeir um skoðun og að lokum var það Bolsjoj-ballettinn í Moskvu sem pantaði tónlistina. Þegar yfirmenn ballettsins heyrðu hið nýja verk Prokofievs við *Rómeó og Júlíu* kom annað hljóð í strokkinn; þeim þótti tónlistin „ekki danshæf“ og riftu samningnum. Prokofiev óttaðist að ef ballettinn kæmist ekki á svið myndi tónlistin aldrei ná flugi, og því setti hann saman tvær konsertsvitur op. 64 a/b, og síðar þá þriðju

Þættir úr ballettsvítum Prokofíevs við Rómeó og Júlíu hafa hljómað á tónleikum SÍ í ótal samsetningum gegnum tíðina. Bohdan Wodiczko stýrði flutningi á svítu nr. 2 í Háskólabíói 1966, og Vladimir Ashkenazy stjórnaði völdum köflum úr svítunum þremur árið 1975. Síðast lék hljómsveitin þætti úr Rómeó og Júlíu árið 2007 og var Pietari Inkinen þá við stjórnvöllinn.



op. 101, sem hafa notið mikilla vinsælda æ síðan. Ekki varð útsetning hans á tíu þáttum fyrir einleikspíanó heldur til að draga úr vinsældunum.

Ballettinn komst fyrst á svið í Brno í Tékklandi í desember 1938, en rúmu ári síðar í Leníngrad. Tregða sovéskra ballettstjóra til að taka verkið til sýninga er illskiljanleg, enda fellur tónlistin eins og flís við rass að yfirlýstum markmiðum sovéskra yfirvalda sem og Prokofíevs sjálfs. Eitt fyrsta verk Prokofíevs eftir heimkomuna til Sovétríkjanna var að gera grein fyrir fagurfræði sinni í grein í dagblaðinu *Isvestija*: „Ég tel að okkur vanti fyrst og fremst það sem mætti kalla „létt-þunga“ eða „þung-létta“ tónlist. Hún þyrfti fyrst og fremst að vera lagræn og stefin ættu að vera einföld og skýr, án þess þó að verða endurtekningasöm eða klisjukennd. Við þurfum ekki gamla einfaldleikann, heldur nýjan einfaldleika.“ Síðar sagði Prokofíev um ballettónlistina við *Rómeó og Júlíu* að hann vonaðist til að snerta hjörtu hlustenda með tónlist sinni. „Ef fólk tekst ekki að finna laglínur og tilfinningu í þessu verki mun ég taka það mjög nærri mér – en ég er raunar fullviss um hið gagnstæða.“

Kaflarnir sem leiknir verða í kvöld sýna glögg hvílik fjölbreytni einkennir ballett-tónlist Prokofíevs. Upphafskaflinn er þungbúinn og ágengur, og lýsir fjölskyldunum tveimur sem eiga í erjum, Montag og Kapúlett. Yngismærin Júlía fær sérstakan dansþátt þar sem hún skoppar um léttfætt og áhyggjulaus. Grímuball hljómar undir dansleik Kapúletta í fyrsta þætti, þegar Rómeó og vinir hans mæta óboðnir og grímuklæddir á svæðið, Rómeó túlkaður í blíðum strengjatónum og Júlía í bjartri flautunni. Dauði Tíbalts er hádramatískur kaflinn þar sem Rómeó drepur frænda Júlíu og innsiglar þannig örlög sín. Í sjálfsævisögu sinni segir Prokofíev frá því að upphaflega hafi hann viljað láta ballettinn enda vel, ólíkt leikritinu sem endar með ósköpum eins og kunnugt er. „Ástæður þessa voru alfarið kóreógrafískar“, sagði tónskáldið: „lífandi fólk getur dansað, en dauðir eiga erfiðara með það.“ Að lokum sannfærðist hann þó um að það væri hægt að láta ballett enda með harmrænu móti, eins og tónlistin er til vitnis um. Lokabátturinn er dapurleg endurminning um ungar ástir þar sem vísað er í stef úr fyrri köflum en með enn harmrænna yfirbragði en áður.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 25. NÓVEMBER 2010

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Tulinius
Andrzej Kleina
Ágústa María Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Zbigniew Dubik
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Ari Þór Vilhjálmsson
Margrét Þorsteinsdóttir
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Helga Steinunn Torfadóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Mark Reedman
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Sesselja Halldórsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Sigurður I. Snorrason
Ármann Helgason
Rúnar Óskarsson

Saxófónn

Vigdís Klara Aradóttir

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

Básúna

Oddur Björnsson
Jessica Buzbee
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley

Píanó & Celesta

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

samstarfsaðilar



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON
LIÓÐ / HLJÓÐ / MYND

VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Árið hefst á Vínartónleikum!



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VÍNARTÓNLEIKAR

Mið. 05.01.11 » 19:30
Fim. 06.01.11 » 19:30
Fös. 07.01.11 » 19:30
Lau. 08.01.11 » 17:00

Graeme Jenkins hljómsveitarstjóri
Hanna Dóra Sturludóttir einsöngvari

Vinsælustu tónleikar SÍ eru hinir árlegu Vínartónleikar. Nú kemur Hanna Dóra Sturludóttir fram með SÍ og viðbúið að hún gleðji tónleikagesti með fögrum söng sínum og hrífandi framkomu. Hanna Dóra hefur undanfarin ár átt glæsilegan feril við þýsk óperuhús, meðal annars Ríkisóperurnar í Berlín og Hamborg.

Miðasala á www.sinfonia.is og 545 2500

*„Vals og vínglas eru prýðileg
forskrift að upplappi.“*

Johann Strauss



ADALSTYRKARADILAR

BORGUN  Morgunblaðið